

ENSK1HE05

Búið til: Thu, 15 May 2014 14:26:28 GMT

Titill

Hagnýt enska á starfsbraut

Skammstöfun

ENSK1HE05

Útgáfunúmer

8

Námsgrein

enska

Viðfangsefni

Hagnýt enska, starfsbraut

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Meginmarkmið áfangans er að auka grundvallarfærni nemenda í tungumálinu og lögð sérstök áhersla á lestur, hlustun og skilning. Einnig verður mikil áhersla lögð á námstækni og að nemendur tileinki sér að notast við orðabækur, sér í lagi stafrænar. Unnið er að því að rfja upp og byggja ofan á þá kunnáttu og færni sem nemendur hafa þegar og unnið að því að byggja upp orðaforða tengdan áhugamálum og hugsanlegum framtíðar-starfsvettvangi. Náms efni verður útbúið með það í huga að það styrki nemendur og hvetji til sjálfstæðra vinnubragða.

Forkröfur

Engar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- algengum orðum og orðasamböndum í töluðu og rituðu máli
- mannlífi, menningu og siðum í löndum þar sem enska er talað sem móðurmál/fyrsta mál og þekkja samskiptavenjur

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt og áheyrilega
- lesa ýmiss konar texta á eigin áhugasviði eða texta um kunnugleg efni
- skrifa samfelldan texta um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á
- nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fylgjast með frásögnum og erindum og ná aðalatriðum úr fjöl- og myndmiðlum ef efnið er kunnuglegt.
- tileinka sér aðalatriðin í stuttum tímarits- eða blaðagreinum og geta dregið ályktanir af því sem hann les
- lesa sér til ánægju og þroska skáldskap af hæfilegu þyngdarstigi og tjá skoðun sína
- miðla eigin þekkingu, skoðunum og tilfinningum sem og persónulegri reynslu, vonum og væntingum

- skrifa um atburði, ímyndaða og raunverulega
- skrifa um hugðarefni sín og áhugamál

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar**Fyrirmynd**